

# Síðareglur birgja

## Markmið

Markmið reglnanna er að leggja fram áherslur Stefnis tengdar birgjum og gagnsæi í innkaupum og þjónustu. Stefnir leggur ríka áherslu á fylgni við lög, reglur og síðferðisleg gildi í starfsemi sinni og vill eiga viðskipti við birgja sem deila gildunum okkar. Síðareglum þessum er ætlað að gefa góða mynd af því til hvers við ætlumst af okkar birgjum varðandi umhverfið, fjölbreytileika og mannréttindi og stjórnarhætti. Birgjar eru þau fyrirtæki og einstaklingar sem sjá Stefni fyrir vörum og þjónustu.

Stefnir hefur í stefnu um sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð ákveðið að styðja sérstaklega við eftirfarandi af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og vill haga innkaupum sínum í samræmi við þau:

- Markmið 5: Jafnrétti kynjanna
- Markmið 8: Góð atvinna og hagvöxtur
- Markmið 10: Aukinn jöfnuður
- Markmið 12: Ábyrg neysla og framleiðsla
- Markmið 13: Aðgerðir í loftslagsmálum
- Markmið 17: Samvinna um markmiðin



## Umhverfi

- Birgjar skilgreini umhverfisáhættur af starfsemi þeirra.
- Vinni að því að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum og losun gróðurhúsalofttegunda í starfsemi sinni.
- Starfi samkvæmt viðeigandi lögum og reglum.
- Gera það sem í þeirra valdi stendur til að skuldbindingum og markmiðum Parísarsamkomulagsins verði náð.



## Fjölbreytileiki og mannréttindi

- Birgjar tryggja jöfn tækifæri og kjör starfsfólks óháð uppruna, þjóðernis, trúar, kyns, lífsskoðunar, fötlunar, skertrar starfsgetu, aldurs, kynhneigðar eða kynvitundar eða annarrar stöðu og starfi samkvæmt lögum um jafna meðferð á vinnumarkaði.
- Tryggja að einelti, kynferðisleg áreitni, kynbundin

áreitni og ofbeldi eða önnur mismunun séu ekki liðin í sinni starfsemi.

- Virði alþjóðleg mannréttindi í allri sinni starfsemi.
- Virði félagafrelsi og kjarasamningsbundinn rétt starfsfólks.
- Tryggi að starfsfólk vinni störf sín af fúsum og frjálsum vilja og án nauðungar.
- Fari eftir lögum og reglum um réttindi barna, þar á meðal sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns. Í því felst til að mynda að tryggja að börn undir 18 ára sinni ekki störfum sem geta ógnað heilsu þeirra og/eða öryggi og virða rétt þeirra til þroska, velferðar og menntunar.
- Vinni gegn mútum og spillingu og bjóða engum hvatagreiðslur og/eða annars konar umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til í skiptum fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi.



## Stjórnarhættir

- Vinni gegn mútum og spillingu og bjóða engum hvatagreiðslur og/eða annars konar umbun sem viðkomandi á ekki tilkall til í skiptum fyrir að gera eitthvað eða láta eitthvað ógert sem fer í bága við starfsskyldur viðkomandi.
- Birgjar setji sér síðareglur og birti opinberlega. Gera sambærilegar kröfur til sinna birgja og undirverktaka varðandi umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti og koma fram í þessum síðareglum.

## Ábyrgð

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á að stefnunni sé fylgt eftir og skal hann bregðast við frávikum með viðeigandi hætti. Stefnunni er einnig ætlað að stuðla að góðum starfsháttum innan félagsins og hún gildir um alla starfsemi þess.

## Endurskoðun stefnu, birting og gagnsæi

Stefna þessi og markmið hennar eru endurskoðuð eins og og þurfa þykir þó eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti og birt á heimasíðu félagsins.